

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 2007 í máli nr. S-732/2007:

### Ákærvaldið

*(Einar Laxness fulltrúi)*

**gegn**

**Edward Apeadu Koranteng**

*(Brynjar Nielsson hrl.)*

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. október 2007, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á hendur Edward Apeadu Koranteng, kt. 000000-0000, Eiríksgötu 17, Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa laugardaginn 25. mars 2006, að Baldursgötu 12 í Reykjavík, slegið fyrirverandi sambýliskonu sína, Önnu Margréti Gunnlaugsdóttur, kt. 000000-0000, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að Anna Margrét nefbrotnaði.

Telur ákærvaldið þessa háttsemi varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998 og krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá 29. mars 2006, kærði Anna Margrét Gunnlaugsdóttir líkamsárás til lögreglu, sem hún kvaðst hafa orðið fyrir af hendi ákærða 25. mars 2006. Í framburði hennar hjá lögreglu kom fram að hún hafi verið stödd hjá vini síni Alhagie Abdoulie Joof, og einnig hafi Álfheiður Anna Pétursdóttir verið þar stödd. Ákærði hafi komið inn í íbúðina og hafi komið til stimpinga milli Alhagie og ákærða. Síðan hafi ákærði komið inn í herbergi þar sem Anna var fyrir og slegið hana hnefahögg í andlit, en höggið lent á nefi hennar. Segir í skýrslu lögreglu að nef Önnu sé sjáanlega skakkt.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 28. ágúst 2006. Hann tjáði lögreglu að hann hefði komið að Baldursgötu 12, þar sem vinur hans Abdoulie eigi heima. Álfheiður Anna Pétursdóttir, sem einnig býi þar, hafi opnað fyrir ákærða, en ákærði hafi séð að

fyrirverandi kærasta hans, Anna, hafi einnig verið þar. Hafi hún verið í herbergi Abdoulie, nakin undir sæng. Abdoulie hafi viljað að ákærði færi, en einhverjar minni háttar stimpingar hafi orðið milli ákærða og hans, inni í herbergi hjá Abdoulie. Þegar Abdoulie hafi ætlað að sparka í ákærða, hafi ákærði slegið frá sér og hönd hans lent í andliti Önnu, sem hafði reynt að stöðva stimpingar þeirra í milli. Hún hefði gripið um andlit sitt og sagt að ákærði hefði nefbrotið sig. Ákærði hafi ekki trúað því þar sem hann hefði alls ekki ætlað að koma við Önnu, þetta hefði eingöngu verið slys.

Alhagie Abdoulie Joof gaf skýrslu hjá lögreglu 13. desember 2006. Hann tjáði lögreglu að hann hefði verið á leið í vinnu umræddan morgun, er ákærði hafi komið heim til hans. Hann, ákærði og Anna hafi öll verið inni í herbergi hans og hafi Anna verið upp í rúmi. Hann kvaðst ekki hafa séð að ákærði hefði slegið hana. Þá var borinn undir hann framburður ákærða og Önnu, um að þau hafi öll verið saman inni í herberginu er ákærði hafi slegið Önnu, og kvað vitnið það þá ekki rétt og kvaðst ekki hafa séð að ákærði hefði slegið Önnu Margréti.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð frá 4. nóvember 2006, undirritað af Þóri Njálssyni, sérfræðingi á slysa- og bráðasviði LSH. Kemur þar fram að Anna Margrét Gunnlaugsdóttir hafi leitað á slysadeild 25. mars 2006, kl. 11.27 eftir líkamsárás sama dag kl. 10.30. Hún sagði lækni að hún hefði verið stödd hjá vini sínum þegar fyrirverandi kærasti eða sambýlismaður hafi komið aðvífandi og ráðist á þau og hafi hann einnig kýlt hana í nefið. Tekin hafi verið röntgenmynd af nefbeinum, sem staðfesti nefbrot. Greining deildar hafi verið nefbrot. Hún hafi svo komið 5 dögum seinna á HNE-deild. Við komu á deild hafi hún kvartað eitthvað yfir óskýrri sjón og jafnvel tvísýni. Enn hafi hún verið með einhverja bólgu yfir nefbeini. Í framhaldi af þeirri skoðun hafi hún farið í nefréttingu sem virtist takast ágætlega.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

*Ákærði* kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, en við þingfestingu þess kvað hann að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Hann hafi verið að slást við annan mann þegar Anna fékk högg í andlitið

*Vitnið, Anna Margrét Gunnlaugsdóttir*, kvaðst umræddan morgun hafa verið inni í herbergi heima hjá vini sínum, Abdoulie, en hann sé einnig vinur ákærða. Hún hafi setið uppi í rúmi hjá honum og ákærði hafi komið í heimsókn þangað. Vitnið kvað ákærða hafa komið inn í herbergið og ákærði og Abdoulie hafi farið að slást frammi. Síðan hafi ákærði komið inn í herbergi og slegið vitnið í andlitið og nef hennar hafi brotnað. Um eitt hnefahögg hafi verið að ræða. Vitnið kvaðst hafa verið inni í herbergi allan tímann og því geti hún ekki lýst því sem gerðist frammi. Vitnið kvað engan hafa séð þetta högg, þar sem einungis ákærði og hún hafi verið stödd inni í herbergi, þegar hann sló hana. Vitnið kvaðst hafa setið í rúminu þegar ákærði sló hana. Vitnið kvað lögregluna ekki hafa rætt við sig á vettvangi og kvaðst vitnið ekki hafa gefið sig fram við lögreglu. Vitnið kvaðst hafa farið inn á baðherbergi og skoðað sig í speglinum, eftir að lögreglan kom og kvaðst hún hafa séð að eitthvað var að nefi sínu. Hún kvað vinkonu sína hafa náð í sig og síðan hafi hún farið á slysadeild.

*Vitnið, Álfheiður Anna Pétursdóttir*, kvaðst hafa leigt húsnæði á Baldursgötu með Abdoulie. Umrætt sinn hafi hún hleypt ákærða inn í íbúðina, þar sem hún hafi haldið að ákærði ætlaði að fara að keyra Abdoulie í vinnuna. Þegar ákærði kom inn hafi hann séð skó og spurt hver ætti skóna. Hafi vitnið svarað að hún vissi það ekki, en komið hafi í ljós að stelpa, sem var inni í herbergi hjá Abdoulie, var fyrrverandi kærasta ákærða. Ákærði hafi þá bankað á dyrnar hjá Abdoulie og þeir hafi farið að slást á ganginum inni í íbúðinni, fyrir utan herbergi Abdoulie. Slagsmálin hafi átt sér stað á ganginum og inni í herbergi Abdoulie. Vitnið kvaðst hafa hringt í lögreglu og lögregla hafi farið burt með ákærða, en Abdoulie farið í vinnu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Önnu fyrir en hún fór út úr íbúðinni, þar sem Anna hafi verið inni í herbergi allan tímann. Vitnið kvaðst hafa heyrt Önnu hringja í einhvern inni í herberginu. Vitnið kvaðst kannast við ákærða, en þau séu engir sérstakir vinir.

*Vitnið, Abdoulie Alhagie Joof*, kvaðst hafa verið staddur á Baldursgötunni umræddan morgun. Ákærði hafi komið í íbúðina til sín, en þar hafi Anna verið. Ákærði hafi spurt hvers vegna Anna væri heima hjá vitninu, en hún hafi verið inni í herbergi vitnisins. Þeir hafi byrjað að slást og hafi slagsmálin verið bæði á ganginum og annars staðar, meðal annars í herbergi vitnisins. Vitnið kvaðst hafa viljað að ákærði færi út úr íbúðinni og hafi hann beðið Álfheiði að hringja í lögregluna. Lögreglan hafi svo komið og vitnið farið í vinnuna. Síðan hafi vitnið hringt í Önnu og hún hafi tjáð vitninu að ákærði hefði nefbrotið hana og hefði það gerst inni í herberginu hjá vitninu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða slá Önnu. Spurður um það hvort hugsanlegt væri að ákærði hefði ætlað sér að slá vitnið, en höggið lenti á Önnu, svaraði vitnið: „Kannski.“ Vitnið kvað þá ákærða ekki vera mikla vini í dag, þetta atvik hefði breytt vináttu þeirra.

*Vitnið, Guðbrandur Reynisson lögreglumaður*, kvaðst hafa litlu að bæta við frumskýrslu þá sem liggur frammi í málinu. Ágreiningur hefði orðið milli tveggja manna og hefði öðrum mannanna verið vísað burt. Enginn hefði gefið sig fram á vettvangi, sem hefði orðið fyrir áverkum, en munir í íbúðinni hefðu verið á rú og stúi og brotinn spegill. Vitnið staðfesti frumskýrslu þá sem liggur frammi í dómnum.

*Vitnið, Garðar Helgi Magnússon lögreglumaður*, kvað tilkynningu hafa borist um að tveir menn væru að takast á inni á heimili. Annar þeirra, Edward, hafi verið beðinn um að yfirgefa vettvang, sem hann hafi og gert. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið upplýsingar um líkamsárás þá sem mál þetta fjallar um fyrir en eftir á.

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Önnu Margréti Gunnlaugsdóttur í andlitið umrætt sinn. Ákærði bar hjá lögreglu að hún hefði gripið um andlit sitt og sagt að ákærði hefði nefbrotið sig. Hann kvað að um óhappatilvik hefði verið að ræða og að hann hefði ætlað sér að slá annan mann, en í málinu liggur fyrir að ákærði og félagi hans, Abdoulie, slógust inni í íbúð þess síðarnefnda, þar sem Anna var stödd. Ákærða og Önnu ber ekki saman um það hvort ákærði var að slást við Abdoulie í herberginu þar sem Anna var, þegar höggið lenti á Önnu. Breytir þetta misræmi þó engu um að sannað er að ákærði hefur, með höggi því sem lenti á Önnu, gerst sekur

um líkamsárás hvort sem höggið var henni ætlað eða einhverjum öðrum, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1926, bls. 392. Með hliðsjón af framlögðu læknisvottorði Þóris Njálssonar er og sannað að afleiðingar árásar ákærða hafi verið þær sem í ákæru greinir. Ákærði er sakfelldur fyrir þá háttsemi sem í ákæru greinir og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

## Viðurlög

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann 3 ára fangelsisdóm 12. desember 2006 fyrir nauðgun, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 31. maí 2007. Brot það sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu er framið fyrir uppkvaðningu dómsins og ber því að ákvarða refsingu ákærða sem hegningarauka við þann dóm, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er samsvari þeirri þynging hegningarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um bæði brotin í fyrra málinu.

Brot ákærða, sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, er alvarlegt og beindist gegn mikilsverðum hagsmunum og á refsing ákærða að taka mið af því. Dómurinn verður þó að leggja mat á það hvort ákærði hefði hlotið þyngri dóm en þann 3 ára fangelsisdóm sem hann hlaut 31. maí sl., ef dæmt hefði verið um bæði brotin í einu. Það er niðurstaða dómsins að refsing ákærða hefði ekki orðið þyngri en dæmd var með þeim dómi. Samkvæmt framangreindu verður ákærða ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála greiði ákærði sakarkostnað málsins, sem er 193.200 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 170.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Einar Laxness, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Edward Apeaudu Koranteng er ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins, 193.200 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 170.000 krónur.

Ingveldur Einarsdóttir.